# Foldaskóli 2025-2026  -  8. bekkur

## Kennsluáætlun – Samfélagsfræði

**Kennarar:**
Bergsteinn Gunnarsson bergsteinn.gunnarsson@reykjavik.is
Guðný Þorsteinsdóttir gudny.thorsteinsdottir@reykjavik.is
Hulda María Magnúsdóttir hulda.maria.magnusdottir@reykjavik.is
Kenndar eru 2 stundir á viku

**Námsefni:**

- *Um víða veröld: Heimsálfur*
- *Styrjaldir og kreppa - Saga 20. aldar I*
- Kvikmynd
- Kortabók
- Valið efni eftir því sem við á

**Námsmat:** Í Foldaskóla er leitast við að námsmat sé leiðbeinandi og nái utan um fjölbreytta hæfni nemenda. Unnið er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla (2011). Nemendur í 8. - 10. bekk fá árangur sinn metinn á bókstafakvarða sem endurspeglar þá vinnu sem þeir hafa unnið jafnt og þétt yfir skólaárið. Í náms- og kennsluáætlunum kemur fram hvaða hæfniviðmið liggja til grundvallar hverri námsgrein. Í Mentor er hægt að fylgjast með framvindu námsins í verkefnabók nemenda. Ætlast er til að nemendur mæti tímanlega í kennslustund með öll gögn. Mikilvægt er að nemendur virði vinnufrið og geri ætíð sitt besta.
Athugið að áætlun getur tekið breytingum yfir veturinn

# Haustönn -

| **Hæfniviðmið – Að nemandi geti:** | **Lotur - viðfangsefni** | **Námsmat** |
|---|---|---|
| • Geta aflað sér upplýsinga um samfélagsleg og alþjóðleg málefni úr heimildum á fjölbreyttu formi, túlkað og hagnýtt<br>• Geta tekið á ábyrgan þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu<br>• Geta útskýrt og metið hvernig sagan hefur mótast af ýmsum þáttum, svo | **Ágúst/september**<br>*Um víða veröld: Heimsálfur*<br>• Maður og náttúra<br>• Evrópa<br>• Asía | Veggspjald (para-/hópverkefni): Nemendur kynna viðfangsefni í rituðu máli og myndum |

| | | |
|---|---|---|
| sem umhverfi, hugmyndafræði, þ.m.t. trúarbrögðum, viljaverkum og tilviljunum | | |
| • Geta sett í samhengi, sýnt fram á þekkingu og gagnrýna sýn á atburðum, tímabilum, tildrögum og gangi mannkynssögunnar<br>• Geta útskýrt áhrif og afleiðingar mannlegra athafna og tækni á loftslag, náttúru og lífsskilyrði alls líf á jörðinni<br>• Geta vegið og metið upplýsingar og skoðanir úr heimildum á margvíslegu formi, myndað sér eigin skoðanir og tekið upplýsta afstöðu til málefna<br>• Geti greint hvernig hugmyndafræði, þ.m.t. trúarbrögð og stjórnmál, móta samfélagsgerð og tengjast lífi einstaklinga | **Október/nóvember**<br>*Um víða veröld: Heimsálfur*<br>• Afríka | Glærukynning (einstaklings-, para- eða hópverkefni): Nemendur skila munnlegum fyrirlestri, studdum af glærum og minnispunktum |
| • Greint afmarkaða efnisþætti stórrar eða smárrar sögu, nálægrar eða fjarlægrar | **Desember**<br>*Um víða veröld: Heimsálfur*<br>• Norður-Ameríka<br>• Suður-Ameríka | Próf úr efni kaflanna |

**Vorönn**

| Hæfniviðmið – Að nemandi geti: | Lotur - viðfangsefni | Námsmat |
|---|---|---|
| ● Geta tekið á ábyrgan þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.<br>● Geta aflað sér upplýsinga um samfélagsleg og alþjóðleg málefni úr heimildum á fjölbreyttu formi, túlkað og hagnýtt.<br>● Greint, þekkt og fjallað um upplýsingar á kortum, gröfum og annars konar myndum og sett upp kort til að miðla fjölbreyttum upplýsingum<br>● Gert sér grein fyrir nýtingu auðlinda og umhverfis<br>● Geta miðlað þekkingu, leikni og skoðunum á samfélagslegum og hnattrænum málefnum á fjölbreyttan og skapandi hátt. | **Janúar/febrúar**<br>*Um víða veröld: Heimsálfur*<br>● Eyjaálfa<br>● Suðurskautslandið | Lokaverkefni (para-/hópverkefni): Nemendur velja sér eina heimsálfu úr bókinni og kynna ítarlega í skriflegu máli og myndum |
| Nemandi geti greint frá upphafi, orsökum, þróun og afleiðingum fyrri heimsstyrjaldarinnar og stéttabaráttu samhliða | **Mars/apríl**<br>*Styrjaldir og kreppa*<br>● Titanic<br>● Fyrsta nútímastyrjöldin<br>● Stéttabarátta | Próf úr efni kaflanna |
| | **Maí**<br>*Styrjaldir og kreppa*<br>● Velmegun og heimskreppa | Einstaklingsverkefni unnið skriflega út frá efni kvikmyndarinnar |

| | | |
|---|---|---|
| <ul><li>sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf, á ýmsum stöðum og tímum</li><li>útskýrt hvernig sjálfsmyndin mótast af menningu, félagslegu umhverfi, aðstæðum og alþjóðlegum áhrifum</li></ul> | *Kvikmynd*<ul><li>The Great Gatsby</li></ul> | |